

## Þórhallur Vilhjálmsson

---

**Til** : Birgir Ármannsson; Björn Leví Gunnarsson; Diljá Mist Einarsdóttir; Diljá Mist Einarsdóttir; Elisabeth Patriarca Kruger; Hanna Katrín Friðriksson; Hildur Eva Sigurðardóttir; Inga Sæland; Jóhann Friðrik Friðriksson; Líneik Anna Sævarsdóttir; Sigmundur Davíð Gunnlaugsson; Steindór Dan Jensen; Svandís Svavarsdóttir; Vilhjálmur Árnason; Þórhallur Vilhjálmsson; Þórunn Sveinbjarnardóttir

**Frá** : Þórhallur Vilhjálmsson

**Heiti** : Ósk um að athugasemdir kærenda við vinnulag undirbúningsnefndar verði birtar á vef Alþingis

**Málsnúmer.** : 2110006

**Málsaðili** : Alþingi

**Skráð dags** : 5.11.2021

**Skráningaraðili** : Sigurður Hreinn Sigurðsson

### Viðhengi

[Athugasemdir við vinnulag undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kjörbreifa.pdf](#)  
[Breif frá skrifstofustjóra Alþingis.pdf](#)

til upplýsingar

Kv.

Þórhallur

---

**From:** Sigurdur Sigurdsson

**Sent:** föstudagur, 5. nóvember 2021 20:48

**To:** Þórhallur Vilhjálmsson

**Cc:** Katrín Oddsdóttir ; Þorvaldur Gylfason ; Rúnar Björn Þorkelsson

**Subject:** Erindi til undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kjörbréfa

Sæll Þórhallur,

Við viljum koma meðfylgjandi athugasemdum okkar á framfæri við undirbúningsnefndina og vildum gjarnan fá þær birtar á vefnum sem erindi til nefndarinnar. Í plagginu er vísað til bréfs frá skrifstofustjóra Alþingis sem okkur barst í gær, hér einnig sem viðhengi.

Athugasemdir þessar ásamt bréfi skrifstofustjóra hafa einnig verið sendar til fjölmiðla.

Með kveðju,

Sigurður H. Sigurðsson.

*Þessi tölvupóstur ásamt viðhengjum er eingöngu ætlaður þeim sem tölvupósturinn er stilaður á og gætu upplýsingar í honum verið bundnar trúnaði. Birting tölvupóstsins eða viðhengja, að hluta til eða í heild, er óheimil án samþykkis sendanda.*

[Fyrirvari/Disclaimer](#)

## Athugasemdir við vinnulag undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kjörbréfa.

Við undirrituð, öll kærendur vegna alþingiskosninga þann 25. september, viljum vekja athygli á því hversu mikil og ónauðsynleg leynd hvílir yfir fundum undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kjörbréfa. Nefndin hefur starfað í einn mánuð og haldið amk. 22 fundi. Einungis tveir af þessum fundum hafa verið opnir, hvor tveggja fundir með sérfræðingum frá lagadeildum háskólanna. Allir aðrir fundir hafa verið lokaðir og engar efnislegar upplýsingar að finna í fundargerðum. Fjölmargir hafa verið boðaðir til funda með nefndinni, þ.m.t. allir kærendurnir sextán og fjölmargir málsaðilar. Þar má helst telja meðlimi í landskjörstjórn, meðlimi yfirkjörstjórnar í Norðvesturkjördæmi, starfsmenn Hótel Borgarness, fjölmarga umboðsmenn stjórn málasamtaka auk fleira fólks.

Við undirrituð vorum boðuð á fjarfund með undirbúningsnefndinni þann 25. október þar sem við gerðum grein fyrir kærnum okkar og svörum spurningum nefndarmanna. Á fundinum komu fram nýjar upplýsingar þar sem brugðist var við svörum frá kjörstjórnnum og einnig skorað á nefndina að kalla tiltekna einstaklinga á sinn fund sem gefið gætu nánari upplýsingar um tiltekin brot á lögum. Þar sem fundurinn var lokaður en tilkynnt um upptöku fótum við þess formlega á leit við formann nefndarinnar og ritara þann 28. október að upptakan yrði gerð opinber á vefsvæði nefndarinnar. Einnig var farið fram á að allir aðrir fundir nefndarinnar yrðu gerðir opinberir svo kærendum gæfist kostur á að fylgjast með framvindu málsins og grípa til andmælaréttar. Í gær, viku síðar, fengum við loks ítarlegt svar þar sem beiðni okkar um birtingu upptökunnar var hafnað, sjá meðfylgjandi bréf, liður 4.

Líkt og Ragnhildur Helgadóttir prófessor sagði á opnum fundi með nefndinni þann 15. október er afar mikilvægt að gagnsæi verði haft að leiðarljósi í störfum nefndarinnar. Þetta er mikilvægt til að hægt sé að fylgja kærnum eftir efnislega en einnig í þeim tilgangi að skapa þá ásýnd sem nauðsynleg er fyrir traust almennings á störfum Alþingis að þessu mikilvæga verkefni. Þá voru einnig gefin fyrirheit um að starfið yrði sem gagnsæjast og nefndarfundir opnir þegar hægt væri, sjá frétt frá 4. október: <https://www.visir.is/g/20212165346d> Þar talar nýskipaður formaður nefndarinnar m.a. um vinnulag og tilhögun funda: „Við ræddum það og ég held að nefndarmenn séu svona að meginstefnu til á því að starfið eigi að vera sem gagnsæjast og nefndarfundir opnir þegar að hægt er.“ Og einnig: „Meðan að við erum að ná utan um verkefnið þá verðum við ekki með opna fundi en hins vegar þá sjáum við fyrir okkur að það geti komið til þess að því gefnu að við séum ekki að fjalla um mál sem að einhverjum ástæðum eru bundin trúnaði“.

Alþingi hefur staðfest að meginreglur stjórnsýsluréttar gildi um störf þeirrar nefndar sem nú rannsakar lögmati nýaaafstaðinna kosninga. Í slíkum meginreglum felst réttur til andmæla en slíkur réttur er ekki raunverulegur nema kærendum sé gert kleift að nálgast allar upplýsingar og málsástæður sem fram hafa komið í málum. Með þeirri leynd sem ríkir yfir störfum nefndarinnar er, að mati undirritaðra, komið í veg fyrir að andmælaréttur sé að fullu virkur.

Við lýsum vonbrigðum okkar yfir því að starfi undirbúningsnefndarinnar sé haldið svo rækilega frá fjölmíðlum og vökulum augum kjósenda. Íslendingar þurfa svo sannarlega að geta treyst því og trúað að starf nefndarinnar sé unnið af heilindum og með heildarhagsmuni kjósenda í huga.

Reykjavík, 5. nóvember, 2021.

Sigurður Hreinn Sigurðsson

Katrín Oddsdóttir

Þorvaldur Gylfason

Rúnar Björn Herrera Þorkelsson